

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 90/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kalmann Hafsteinssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður. Reyndlulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1994. Við meðferð málsins krafðist ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms og þess, að ákærði verði „dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. saksóknarkostnaðar til ríkissjóðs, sem ákvarðaður verði jafn málsvarnarlaunum“.

Málinu er ekki áfrýjað af hálfu ákærvalds, og verður því ekki orðið við kröfum um hækkun tildæmdra saksóknarlauna fyrir héraðsdómi.

Með vísan til þess, að málinu er ekki áfrýjað til þyngingar, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 21. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-294/1993: Ákærvaldið gegn Ólafi Kalmann Hafsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þessa mánaðar, er höfðað með ákæru, út gefinni 7. desember 1993, gegn Ólafi Kalmann Hafsteinssyni, nú til heimilis að Sólvallagötu 38, Keflavík, fæddum 27. október 1952, fæðingarnúmer 324, fyrir þjófnað með því að hafa mánudaginn 9. ágúst 1993 stolið 20.000 krónum frá Sigurjóni Ólafssyni á heimili Sigurjóns að Austurgötu 19, Keflavík.

Þetta er talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds og að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík og framburði ákærða og vitna fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins eru málavextir í meginatriðum þeir, að um kvöldmatarleytið mánudaginn 9. ágúst 1993 kom ákærði á heimili Sigurjóns Ólafssonar að Austurgötu 19 í Keflavík. Þeir þekktust frá fyrri tíð. Ákærði var peningalaus, og var erindi hans til Sigurjóns að fá lánaða peninga fyrir afréttara. Sigurjón bauð ákærða inn, og tóku þeir tal saman. Bauðst Sigurjón til að lána ákærða 3.000 krónur, og sá ákærði Sigurjón sækja féð í seðlaveski sitt, sem hann geymdi í kómmóðuskúffu í stofunni. Sigurjón segist hafa sett veskið aftur í skúffuna, eftir að hann lét ákærða hafa lánsféð, en ákærði segir á hinn bóginn, að Sigurjón hafi þá stungið veskinu í brjóstvasann. Sigurjón kveðst síðan eftir skamma stund hafa ekið ákærða frá heimili sínu að Hafnargötu í Keflavík, þar sem ákærði hafi farið úr bifreiðinni. Að því loknu hafi hann farið aftur heim að sækja peninga til matarkaupa, en þá orðið þess var, að fjóra fimmþúsundkrónaseðla vantaði í veskið. Hann kvað ákærða hafa haft tækifæri til að taka peningana, meðan hann dvaldist hjá sér, þar sem hann hefði fengið sig til að fara afsíðis. Í skýrslu sinni hjá lögreglu taldi Sigurjón töku peninganna hafa átt sér stað, meðan hann brá sér á salerni.

Ákærði þvertækur fyrir það, að Sigurjón hafi ekið sér umrætt sinn. Hann kveðst hafa farið fótgangandi frá Sigurjóni, og á leiðinni út hafi hann mætt dökkhærðum manni með yfirvararskegg, sem hafi verið á leiðinni til Sigurjóns. Sigurjón kannast ekki við, að aðrir en ákærði hafi heimsótt sig umræddan dag.

Sigurjón tilkynnti lögreglunni í Keflavík um hvarfið á 20.000 krónunum

kl. 19.35 þetta kvöld, og taldi hann líklegt, að þar hefði ákærði verið að verki. Lögreglan hóf þegar leit að ákærða, og eftir ábendingu var hann handtekinn laust eftir kl. 21.12 á Hafnargötu í Keflavík, þar sem hann var nýstíginn út úr bifreið Karls Baldvinssonar, sem ók honum þangað. Er ákærði var handtekinn, var hann að sögn lögreglu mjög ölvaður og lítt viðræðuhæfur. Við leit á ákærða fundust 11.530 kr. í peningum, flaska af Tinda-vodka með slatta í og talsvert af mogadontöflum. Eftir handtökuna var ákærði settur í fangaklefa.

Ákærði neitar staðfastlega að hafa stolið umræddum 20.000 krónum frá Sigurjóni. Hann kveðst hafa útvegað sér áfengi fyrir peningana, sem Sigurjón lánaði sér, en er hann hefði verið staddur fyrir utan veitingahúsið Strikið, hefði hann hitt fjögur ungmenni, tvo karlmenn og tvær stúlkur, sem hefðu bedið sig að útvega sér áfengi á svörtum markaði. Hann kvaðst hafa fallist á það gegn því að fá eitthvað í sinn hlut, og hefðu ungmennin þá látið sig fá 15.000 kr. til áfengiskaupanna. Hann kvaðst hafa verið búinn að útvega þeim eina flösku og verið á leiðinni að útvega aðra, er hann var handtekinn. Peningar þeir, sem hann var með við handtöku, hefðu verið afgangurinn af þessum 15.000 krónum.

Þegar ákærði var margspurður um þetta atriði við aðalmeðferð málsins, þvertók hann fyrir það, að ungmennin hefðu látið sig fá 15.000 krónur, en kvað þau hafa fengið sér sömu fjárhæð og lögreglan fann á sér, og hélt hann því fram, að hann hefði ekki verið búinn að kaupa áfengi fyrir þetta fólk, er lögreglan handtók sig. Ákærandi benti honum á, að í lögregluskýrslu væri haft eftir honum, að þau hefðu látið hann fá 15.000 kr., og kvað ákærði þetta vera rugl í lögregluskýrslunni. Það var ekki fyrir en eftir að dómari hafði kynnt ákærða nákvæmlega framburð hans um þetta atriði hjá lögreglu, að ákærði lýsti yfir, að það, sem stæði í lögregluskýrslunni, væri rétt. Þetta hefði nú rifjast upp fyrir sér.

Ákærði vissi ekki önnur deili á ungmennunum en karlmennirnir hétu Guðmundur og Þorleifur. Hann kvaðst ekki hafa hitt þau eftir umrætt atvik.

Vitnið Sigurjón Ólafsson kvað það ekki rétt, sem eftir sér væri haft í upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu, að ákærði hefði komið aftur til sín daginn eftir, ölvaður og með pillur. Hann kvað ákærða hins vegar hafa verið með pillur, er hann lánaði honum peningana, og hefði ákærði boðið sér pillur og jafnvel reynt að troða þeim upp í sig. Þessu neitaði ákærði. Þá kvað hann ákærða hafa reynt að fá sig til þess að bregða sér frá umrætt sinn.

Vitnið Karl Baldvinsson mundi ekki eftir því að hafa ekið ákærða umrætt

kvöld, en þvertók ekki heldur fyrir það. Hann kvað þá oft fara í ökuferð saman. Hins vegar kvað hann af og frá, að hann hefði eingöngu ekið ákærða frá heimili sínu að Hafnargötu. Það sé ekki nema 100 metra spölur.

Niðurstaða.

Í máli þessu hefur ekki verið dregið í efa, að Sigurjón Ólafsson hafi átt umræddar 20.000 krónur í seðlaveski sínu og að þeir peningar hafi horfið úr því umrætt kvöld, er ákærði heimsótti hann.

Pegar haft er í huga, að þetta sama kvöld kom ákærði peningalaus í heimsókn til Sigurjóns í því skyni að fá lánaða peninga, sem hann fékk, að ákærði sá, hvaðan Sigurjón tók peningana, að telja verður ákærða hafa haft tækifæri til að nálgast peningana, meðan hann dvaldist hjá Sigurjóni, og að tæpum tveimur stundum eftir að hann yfirgaf Sigurjón, er hann handtekinn mjög ölvæður og lítt viðræðuhæfur með rúmar 11.000 krónur á sér, verður að telja frásögn ákærða af því, hvernig hann var að þeim peningum kominn, afar ótrúverðuga og andstæða öllum skynsamlegum rökum.

Pegar öll atvik eru virt, þykir því ekki varhugavert að telja lögfulla sönnun fram komna fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæðis.

Ákærði á að baki langan sakaferil. Á árunum 1983 til 1991 hefur hann margsinnis verið dæmdur í fangelsisrefsingu fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals. Samkvæmt þessum dómum hefur tildæmd refsing samtals numið fangelsi í 4 ár og 8 mánuði. Ákærði var síðast dæmdur 6. desember 1991 í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað og fjársvik, og hlaut hann þá tveggja mánaða fangelsisdóm.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til ákvæða 71., 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 7. apríl 1993 var ákærða veitt reynslulausn, skilorðsbundin í 2 ár, á eftirstöðvum 245 daga fangelsis. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsettu 2. desember sl., hefur ákærði ekki afplánað þær eftirstöðvar refsingar.

Með broti því, sem ákærði er nú fundinn sekur um að hafa framið, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar. Ber því að ákvarða ákærða refsingu nú með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 11 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. sak-sóknarlaun, er renni í ríkissjóð, sem þykja hæfileg 25.000 kr., og málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., sem þykja hæfileg 50.000 kr.

Dómsuppsaga í máli þessu hafði verið ákveðin sl. miðvikudag, 19. þ.m., en vegna forfalla dómara var henni frestað til dagsins í dag.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi í 11 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 50.000 kr.
